



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 4. desember 2025

MSS25040003

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 2.12.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Betri nýting á tíma og fjármunum Reykjavíkurborgar – samantekt á áhugaverðum tillögum eftir samráð við almenning

Lagt fram til síðari umræðu frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 ásamt greinargerð og starfsáætlunum, sbr. 1. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 4. nóvember 2025. Einnig er lagður fram 6. liður fundargerðar borgarráðs frá 27. nóvember 2025; breytingartillögur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistasflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026, merktar SPJFV-1 til SPJFV-27. Lagðar eru fram breytingartillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins merktar D1-D23, breytingartillögur borgarfulltrúa Framsóknarflokksins merktar B1-B8 og breytingartillögur borgarfulltrúa Viðreisnar merktar C1-C5.

SPJFV-25 Tillaga um betri nýtingu á tíma og fjármunum Reykjavíkurborgar. Lagt er til að vísa tillögum sem unnar hafa verið út frá hugmyndasöfnun meðal starfsmanna og íbúa Reykjavíkur um hvernig megi nýta bæði tíma og fjármagn Reykjavíkurborgar sem best, til meðhöndlunar og frekari útfærslu á fag- og kjarnasviðum og miðlægrri stjórnsýslu. Vísað er til hugmyndasöfnunar sem fór fram í samráðsgátt borgarinnar í maímánuði. Alls bárust 265 álit sem flokkuð hafa verið og gróflega kostnaðarmetin. Sviðum og skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu er falið að taka tillögurnar til rýningar og undirbúa aðgerðir í samræmi við niðurstöður. Fjárhagslegum ávinningi verði varið til hagræðingar í rekstri Reykjavíkurborgar eða í mikilvæg stefnumótandi verkefni á sviðum í samræmi við forgangsröðun sviða og áherslur fagráða. Tillögurnar liggja fyrir þann 15. febrúar 2026 og verði lagðar fyrir viðkomandi fagråd og samanteknar tillögur frá ráðunum verði lagðar fyrir borgarråd.

Samþykkt með 20 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, Árelíu Eyðísar Guðmundsdóttur, borgarfulltrúa Pírata, Sósíalistasflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins, Einar Þorsteinsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson og Magnea Gná Jóhannsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Afrit:

Fjármála- og áhættustýringarsvið



Reykjavík



Borgarráð

Reykjavík, 25. nóvember 2025

MSS25040003

Betri nýting á tíma og fjármunum Reykjavíkurborgar - Samantekt á áhugaverðum tillögum eftir samráð við almenning

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa eftirfarandi tillögum, sem byggja á innsendum álitum sem komu frá starfsmönnum og íbúum í gegnum samráðsgátt Reykjavíkurborgar um betri nýtingu á tíma og fjármunum Reykjavíkurborgar, til meðferðar fagráða og miðlægrar stjórnsýslu. Mótaðar tillögur sem byggja á þessum álitum eða öðrum sem fagráð samþykkja verði lagðar fyrir borgarráð eigi síðar en 15. febrúar 2026.

Fjárhagslegum ávinningi verði varið til hagræðingar í rekstri Reykjavíkurborgar eða í mikilvæg stefnumótandi verkefni á sviðum í samræmi við forgangsröðun Borgarstjórnar. Tillögurnar skiptast með eftirfarandi hætti niður á fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu:

Skóla- og frístundasvið:

1. Umsjónarmenn fasteigna sjái um að þjónusta skóla í stað verktaka
2. Skoða samlegð í stjórnun félags- og frístundamiðstöðva
3. Betri nýting á húsnæði leik-, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva
4. Innkaup verði innan rammamálanna og mögulega í gegnum miðlægt vöruhús

Velferðarsvið:

1. Endurskoða matsviðmið fyrir heimaþjónustu/stuðning
2. Aukinn samrekstur í sólarhringsúrræðum
3. Endurskoða samkomulag við ríkið vegna hjúkrunarheimila og stuðning við dagdvalir

Umhverfis- og skipulagssvið:

1. Bæta eftirfylgni með rammamálanna
2. Fara í aðgerðir til að minnka nagladekkjanotkun
3. Draga úr útvistun og endurskoða ráðgjafa- og verktakakaup
4. Fjárfesta í aukinni LED væðingu og uppfæra ljósastýringakerfi

Menningar- og íþróttasvið:

1. Fara í greiningu á rekstri skíðasvæða með hagræðingu að leiðarljósi
2. Rýna upplýsinga- og markaðsmál á sviðinu og skoða samlegð og aukið hagræði

Fjármála- og áhættustýringarsvið:

1. Rafræn skil á kvittunum vegna innkaupa
2. Endurskoða ráðgjafakaup og verkkaup og tryggja samningsstjórnun
3. Rýna samrekstur á bílaflota Reykjavíkurborgar með græn viðmið að leiðarljósi
4. Endurskoða ferla varðandi ferðaheimildir og gera afgreiðslu stafræna

Þjónustu- og nýsköpunarsvið:

1. Nýta gervigreind á markvissan hátt til að spara tíma og kostnað
2. Rýna samlegð og samnýtingu framlínupjónustu



Reykjavík



3. Rýna fyrirkomulag ræstinga

Mannauðs- og starfsumhverfissvið:

1. Minnka veikindahlutfall og kulnun starfsfólks í allri starfsemi borgarinnar
2. Endurskoða mannauðsstefnu til að draga úr starfsmannaveltu
3. Innleiða stjórnendastefnu

Miðlæg stjórnsýsla:

1. Rýna nýtingu á skrifstofuhúsnæði borgarinnar
2. Rýna hvaða tækifæri liggja í fjölbreyttari og hagkvæmari ferðamáta fyrir starfsfólk
3. Rýna mönnum og skipulag verkefna með hagræði að leiðarljósi

Greinargerð

Á fundi borgarstjórnar 4. mars sl. var lögð fram fyrsta aðgerðaáætlun á grundvelli samstarfsyfirlýsingar nýs meirihluta Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna. Meðal aðgerða var hugmyndasöfnun um hvernig megi nýta bæði tíma og fjármagn Reykjavíkurborgar sem best. Eftir skoðun var talið heppilegast að nýta samráðsgátt Reykjavíkurborgar en hún er notuð til þess að kalla eftir hugmyndum og afstöðu borgarbúa til ýmissa verkefna hjá borginni. Opnað var fyrir hugmyndasöfnunina þann 2. apríl og var opið fyrir innsendingar til 30. apríl. Alls bárust 265 álit. Í öllu ferlinu var fullum trúnaði heitið. Sérstakur vinnuhópur fór yfir innsend álit og dró saman helstu niðurstöður. Tillögurnar voru flokkaðar eftir sviðum og miðlægri stjórnsýslu. Leitað var til sviða borgarinnar um gróft kostnaðarmat og raunhæfni.

Mikilvægt er að nýta þessa hugmyndasöfnun en þegar hafa aðrar ábendingar en hér koma fram meðal annars verið notaðar til að móta starfsemi borgarinnar þar sem við á, við gerð fjárhagsáætlunar og við útfærslu verkefna sem stuðlað að því að nýta bæði tíma og fjármagn í fjölbreyttri starfsemi borgarinnar.

Þetta verkefni er í anda lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar en tilgangur hennar er að styðja við lýðræðislega þátttöku íbúa, að styðja kjörna fulltrúa í því að þekkja óskir borgarbúa og að gera stjórnsýslu borgarinnar betur kleift að undirbúa og framkvæma í samræmi við þær. Virkt samspil þessara þátta er lykill að farsælli útkomu í lýðræðislegri borg. Kærar þakkir til allra þeirra sem sendu inn sín álit, ykkar aðkoma er ákaflega mikilvæg, saman mótum við borgina okkar allra

Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgarstjóri



Reykjavík